



# Safnaðarblað Akureyrarkirkju

## Ljósberatónleikar

Þann 12. desember nk. kl. 20.00 verða árlegir Ljósberatónleikar í Akureyrarkirkju en þetta er fimmta árið í röð sem þessir tónleikar eru haldnir. Tónleikarnir eru styrktartónleikar fyrir Líknarsjóðinn Ljósberann en tilgangur sjóðsins er að veita líknar- og viðlagastöð til Akureyringa með sérstaka áherslu á aðstoð fyrir jól.

Sérstakur gestur tónleikanna í ár er Sigrún Hjálmtýsdóttir sópransöngkona. Á tónleikunum koma einnig fram Björg Þórhallsdóttir sópran, Kór Akureyrarkirkju, Eldri barnakór Akureyrarkirkju, Stúlnakór Akureyrarkirkju og Elísabet Waage hörpuleikari, strengjasveit norðlenskra tónlistarmanna undir stjórn Láru Sóleyjar Jóhannsdóttur. Organistar, kór- og hljómsveitarstjórar eru Eyþór Ingi Jónsson, Sigrún Magna Þórsteinsdóttir og Hilmar Örn Agnarsson.

Á efnisskránni eru þekkt og klassísk

jólaög í bland við tónlist frá ýmsum löndum. Frumflutt verður Jólalag Ljósberans 2012, *Helgast ljós*, eftir Báru Grímsdóttur við ljóð Jakobínu Sigurðardóttur, en þetta er í annað sinn sem samið er sérstakt jólaglag fyrir Ljósberann. Allir sem að tónleikunum koma gefa vinnu sína og rennur aðgangseyririnn óskiptur til sjóðsins. Umsjónarmaður Ljósberatónleikanna er Björg Þórhallsdóttir, í samvinnu við organista og starfsfólk Akureyrarkirkju.

Líknarsjóðurinn Ljósberinn var stofnaður árið 2008 til minningar um sr. Þórhall Höskuldsson, fyrrverandi sóknarprest við kirkjuna. Prestar kirkjunnar sjá um að úthluta úr sjóðnum. Tónleikarnir ásamt fjáröflun og gjöfum tengdum þeim, hafa verið kjölfestan í fjáröflun sjóðsins, ásamt gjöfum sem honum hafa borist frá einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum.



Ljósberinn, kertaaltari Akureyrarkirkju.

Ljósberinn, kertaaltari kirkjunnar var gerður fyrir minningarfé það er

kirkjunni barst eftir andlát sr. Þórhalls. Það fé, sem lagt er í sjálfan Ljósberann, um leið og kveikt er á kerti í fyrirbæn eða til minningar um látinn ástvin, rennur einnig óskipt í sjóðinn.

Hægt er að gefa ábendingar eða koma á framfæri umsóknum um framlög úr sjóðnum til presta Akureyrarkirkju og er farið með allar umsóknir og úthlutanir sem trúnaðarmál. Sjóðurinn er í vörslu Akureyrarkirkju og hægt er að leggja fjárframlög inn á reikning sjóðsins 0302-13-701414, kt. 410169-6149.

## Aðventuhátíð barnanna

Þann 16. desember verður aðventuhátíð barnanna í Akureyrarkirkju kl. 11.00. Notaleg aðventustund fyrir alla fjölskylduna á aðventunni. Yngri og eldri barnakór Akureyrarkirkju syngur. Jólásagan sögð, jólasöngvar sungnir, sönn jólagleði og gaman. Umsjón með stundinni hafa Sr. Hildur Eir Bolladóttir, Sr. Sunna Dóra Möller,

Hjalti Jónsson og Sigrún Magna Þórsteinsdóttir. Piparkökur, kaffi og djús í Safnaðarheimilinu að samveru lokinni. Sjáumst í jólasöngum.

Sunnudagaskólinn fer í jólafrí eftir aðventuhátíðina þann 16. desember. Við viljum þó minna á fjölskyldumessuna á annan í jólum kl. 11.00.

Barnakórar kirkjunnar og krakkar úr TTT-starfinu sýna helgileik og að lokinni stund verður dansað í kringum jólatréð í Safnaðarheimilinu. Notaleg fjölskyldustund á jólum.

Sunnudagaskólinn hefst svo aftur á nýju ári þann 13. janúar í Safnaðarheimili kirkjunnar kl. 11.00.

## Stúlnakór Akureyrarkirkju á aðventu

Við erum 33 metnaðargjarnar stúlkur á aldrinum 13-17 ára sem myndum Stúlnakór Akureyrarkirkju. Við erum nemendur í Brekkuskóla, Lundaskóla, Naustaskóla, Grenivíkurskóla, Verkmenntaskólanum á Akureyri og Menntaskólanum á Akureyri og höfum sungið í kór árum saman. Í kórnum fer fram tónlistarkennsla og söngþjálfun auk þeirrar forvarnar sem felst í heilbrigðum félagsskap þar sem allir hafa sama áhugamál. Söngurinn er okkar íþrótt og við erum býsna góðar. Við munum syngja með Sinfóníu-hljómsveit Norðurlands á aðventutónleikum í Hofi þann 1. desember næstkomandi og á Ljósberatónleikum í Akureyrarkirkju þann 12. desember. Einnig syngjum við í kvöldmessu í Akureyrarkirkju þann 2. desember og í morgunmessu á Þorláksmessu. Að

auki munum við gleðja bæjarbúa með aðventusöng víða um bæ og við syngjum allar tegundir tónlistar við ýmis tækifæri.



Stúlnakór Akureyrarkirkju.

Eftir áramót ætlum við að undirbúa okkur fyrir utanlandsferð. Í vor verður haldið viðamikil þriggja daga mót, Norbusang, í Noregi þar sem

unglingakórar syngja undir stjórn virtra kórstjóra frá mismunandi löndum, taka þátt í vinnustofum um tónlist og mynda ómetanleg tengsl. Kóramótið hefur verið haldið árlega síðan 1987 og þar koma saman hundruðir unglunga. Okkur langar mikið til að kynna öðrum unglungakórum á Norðurlöndunum og til að komast í ferðina munum við standa fyrir alls kyns fjáröflun í vetur.

Allur undirbúningur fyrir ferðina, tónleikahald og ferðalög styrkir til muna samkennd innan kórsins, eykur sjálfstraust og eflir félagslegan og tónlistarlegan þroska okkar. Við biðjum ykkur bæjarbúa því að taka vel á móti okkur og hjálpa okkur að gera okkar draum að veruleika.

Með bestu kveðju,  
Stúlnakór Akureyrarkirkju



## SAFNAÐARBLAÐ AKUREYRARKIRKJU



Kór Akureyrarkirkju.

## Jólasöngvar Kórs Akureyrarkirkju

Hinn stórglæsilegi Kór Akureyrarkirkju hefur haldið jólatónleika sína 3. sunnudag í aðventu í fjöldamörg árum. Engin breyting verður á því í ár og mun kórinn flytja fallega og fjölbreytta aðventu- og jólatónlist ásamt því að syngja með tónleikagestum til að koma fólki í rétta jólaskapið sunnu-

daginn 16. desember kl. 17:00 og 20:00. Í huga fjölmargra er það ómissandi þáttur af jólaundirbúningnum að syngja jólin inn með Kór Akureyrarkirkju. Stjórnendur og organistar eru þau Sigrún Magna Þórsteinsdóttir og Eyþór Ingi Jónsson.

Aðgangur er ókeypis.

### Jólaaðstoð - hvernig sæki ég um?

Þú hringir í 867 5258 milli kl. 10:00 og 12:00 á mánudegi, þriðjudegi eða miðvikudegi.

Hér er um samstarfsverkefni Mæðrastyrksnefndar Akureyrar, Hjálparstarfs kirkjunnar, Hjálpræðishersins og Rauða krossins að ræða. Það einfaldar málið - nú sækir þú um á einum stað og allir þessir aðilar sameinast um að styðja þig með þátttöku fyrirtækja og bæjarbúa á Akureyri og nágrenni.

Hringdu fyrir 11. des!



## Jólatónleikar Hymnodiu og Ísoldar

Mögnuð stemmning hefur einkennt jólatónleika kammerkóranna tveggja síðustu ár en tónleikarnir fara fram laugardaginn 22. desember kl. 20:00. Tónleikarnir eru byggðir þannig upp að kirkjan ómar öll úr öllum áttum. Lára Sóley Jóhannsdóttir, fiðluleikari, Hjörleifur Örn Jónsson, slagverksleikari og Eyþór Ingi Jónsson, harmóníumleikari spila á milli kórlaga og búa flytjendur til eina samfellu án þagnar, sem verður sífellt áhrifameiri. Á efnisskránni eru vel þekkt jólalög í bland við nýja jólatónlist. Kórarnir munu m.a. flytja 4 jólalög eftir Daníel Þórsteinsson, og tvö jólalög eftir Michael Jón Clarke.

Í janúar mun þessi efnisskrá verða tekin upp og kemur út á jólaplötu Hymnodiu fyrir jólin 2013.

Aðgangseyrir er kr. 2000, kr.1500 fyrir félagi í Listvinafélagi Akureyrarkirkju.

### Bingó Æskulýðsfélagsins

Æskulýðsfélag Akureyrarkirkju er að safna fyrir utanlandsferð næsta sumar og ætlar þess vegna að halda fjárflyunarbingó mánudaginn 3. desember kl. 20.00 í Safnaðarheimilinu. Mætum sem flest og styðjum þessa flottu krakka.

## Uppáhaldsjólaöggin

Fimmtudaginn 20. desember kl. 20.00 verða tónleikar í Akureyrarkirkju sem bera heitið Orgeljól. Þá mun Sigrún Magna, annar af organistum kirkjunnar, leika uppáhalds jólaöggin sín á orgel Akureyrarkirkju.

Lögin eru frá ýmsum löndum og tímabilum og verður þetta kjörið tækifæri fyrir þá sem vilja losna augnablik frá jólaamstrinu að eiga endurnærandi stund í kirkjunni í notalegri jólastemmingu og huggulegheitum.

Aðgangseyrir er 1500 krónur en 1000 krónur fyrir félagi í Listvinafélagi Akureyrarkirkju.



Sigrún Magna Þórsteinsdóttir.

## Starfið í Akureyrarkirkju

### Desember

#### Sunnudagurinn 2. desember,

##### 1. sunnudagur í aðventu

Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.

Kvöldmessa í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

#### Þriðjudagurinn 4. desember

Samvera eldri borgara í

Safnaðarheimilinu kl. 15:00.

#### Fimmtudagurinn 6. desember

Fermingarfræðsla kl. 15:00.

Hópur II, Lundarskóli.

#### Sunnudagurinn 9. desember,

##### 2. sunnudagur í aðventu

Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.

#### Miðvikudagurinn 12. desember

Styrktartónleikar Líknarsjóðsins

Ljósberans í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

#### Fimmtudagurinn 13. desember

Fermingarfræðsla kl. 15:00.

Hópur III, Oddeyrar- og Lundarskóli.

#### Sunnudagurinn 16. desember,

##### 3. sunnudagur í aðventu

Aðventubátíð barnanna í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Jólasöngvar Kórs Akureyrarkirkju

kl. 17:00 og 20:00.

#### Fimmtudagur 20. desember

Orgeljól í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

Tónleikar Sigrúnar Mögnu

Þórsteinsdóttur.

#### Laugardagurinn 22. desember

Jólatónleikar Hymnodiu og Ísoldar

í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

#### Sunnudagurinn 23. desember,

##### 4. sunnudagur í aðventu

Guðsþjónusta í kapellu Akureyrarkirkju

kl. 11:00.

#### Aðfangadagur 24. desember

Aftansöngur í Akureyrarkirkju kl. 18:00.

Miðnæturmessa í Akureyrarkirkju kl. 23:30.

#### Jóladagur 25. desember

Hátíðarmessa í Akureyrarkirkju kl. 14:00.

#### Annar í jólum 26. desember

Fjölskylduguðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Jólatrésskemmtun í Safnaðarheimilinu að guðsþjónustu lokinni.

Hátíðarguðsþjónusta í Minjasafnskirkjunni kl. 17:00.

#### Sunnudagurinn 30. desember

Æðruleysisemessa í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

#### Gamlársdagur 31. desember

Aftansöngur í Akureyrarkirkju kl. 18:00.

### Janúar

#### Nýársdagur 1. janúar 2013

Hátíðarmessa í Akureyrarkirkju kl. 16:00.

### Fastir liðir

#### Mánudagar:

Sóknarnefndarfundir eru fyrsta mánudag hvers mánaðar.

#### Þriðjudagar:

Morgunsöngur í kapellu kl. 9:00.

Bænaslökun og jóga í Akureyrarkirkju kl. 12:10.

Æfing eldri barnakórsins í kapellu kl. 15:00-16:00.

Æfing Kórs Akureyrarkirkju kl. 20:00-22:00.

#### Miðvikudagar:

Foreldramorgunn kl. 10:00-12:00.

Kirkjukrakkur í kapellu kl. 15:00-16:00.

TTT í kapellu kl. 17:00-18:00.

ÆFAK í Safnaðarheimilinu kl. 20:00-21:00.

12 spora starf í kapellu kl. 20:00-21:00.

#### Fimmtudagar:

Kyrrðar- og fyrirbenastund kl. 12:00.

Léttur hádegisverður í Safnaðarheimilinu eftir stundina.

Æfing yngri barnakórsins í kapellu kl. 14:00-15:00.

Æskulýðsfélagið Aksjón í Safnaðarheimilinu kl. 16:30-17:30

Æfing Stúlknaórsins í Akureyrarkirkju kl. 17:00-18:00.